26. Um sjómannasjóð Árnessýslu.

2 blöð oct. rituð 1898.
+ 1 miði.

Sjóm. Sj. Árn

Sjómannasjóður Árnessýslu
Stofnaður í árslok 1893
með Kr: 425,52

Eitt af málum þeim, er jeg ætlaði til að blöð þetta ræði rækilega um
og gjöri almenningi kunnugt, er Sjóm. sj. Árn. eins og yfir höfuð allt
það er lýtur að sjávarútvegi okkar hjerna millum ánna og ends víðar
Sjóm: sj. er, eins og mörgum er kunnugt stofnaður fyrir 10 árum, að
1. marts 1888 aðallega fyrir dugnað og ~~[illegible]~~ drenglyndi Bj. Bj.
sýslum. sem sýndi það í orði og verki að ~~hann vildi~~ með stakri
ósjerplægni og ötulleiki vildi efla og styrkja hvers konar framfara
tilraunir hjer í sýslu, ekki einungis í því, er að landbúnaði
laut, sem hann þó ljet sjer einna mest annt um, heldur og einnig
engu síður að sjávarútvegi Árnesinga. Sjóm. sjóðnum gaf
hann sjálfur stórgjafir og það hefur eflaust verið honum að
miklu leyti að þakka að sj. fjekk sínar 50 krónurnar frá
þeim hvorum Klem. sýslum. og Grl. Ó. Johnsen að gjöf. Bj. ætlað-
ist til að sj. efldist og ykist með árlegu tillagi sjóm. sjálfra, enda
var ekkert eðlilegra, því þeir áttu að njóta einir góðs af honum,
og skyldi lagður 1 fiskur af hlut hverjum á vertíð hverri og
reiknaður 20 aura fiskurinn. Þetta gekk allvel fyrsta árið
því það má segja, að þá hafi hjer um bil hver einasti maður
í veiðist. milli ánna lagt í hann, en svo ekki söguna meir. Bj. fór
hjeðan í burtu og með því var kippt fótunum undan frekari
framkvæmdum. Bækur sjóðsins vissu fáir um, en til allrar lukku
höfðu peningar sj. verið lagðir í Sparisj. Árn. og það var ekki fyr
en 92 ~~að~~ þegar jeg varð meðstj. Sp.sj., að jeg gat grafið viðsk.-bók
sjóm. sj. upp lengst uppi í Árnessýslu. Fann jeg þá skyldu
mína að reyna til að halda sj. áfram, en þá ~~voru~~ sváfu menn svo undur
rólega að varla var unnt að vekja þá; það ár varð engu til leiðar
komið og ekki hið næsta en 94 lögðu 14 menn í hann sína kr.
hver og sömu upphæð varð sjóðurinn að borga til sjódrukknaðra
manna sem drukknuðu veturinn áður í Stokkseyri og þó ótrúlegt
sje þá held jeg að erfingjar þeirra hafi ekki haft hugmynd um
þá arfsvon fyr en þeir fengu lóðið þó lítið væri fimmfalt útborgað
en urðu fegnari en frá megi segja. 95 verða svo sæmilega menn
inni 48 en 62 árið eptir og nú gildi sjóðinn það happ til
að þeir menn gjörast meðlimir hans með 5 kr. árlegu tillagi hver
án þess þó að vænta endurborgunar á tillögum sínum og þessir menn
voru og eru einn Sig. Ól. sýslum. P. N. og Sr. Ó. H. Sama ár 96 hjelt
Sr. Ó. Ól. í Arnarb. fyrirlestur til ágóða fyrir sjóðinn og komu inn
27 kr. Auk þess hafa fjölda margir, sem eflaust yrði upp að telja
gefið honum talsvert fje, en þó mest leikfjelögin á Eyrarbakka
og Stokkseyri bæði í fyrra og nú í vetur, sem samtals mun vera yfir
50 kr. ~~Í fyr~~ Í fyrra voru saml. menn ekki fleiri en 32, en nú ~~[illegible]~~ verða
þeir eflaust fleiri, því 26 formenn í Stokkseyri og 12 form. á Eyrar
bakka lofuðu í fyrra skriflega að ráða háseta sína framvegis með því skil yrði

að þeir legðu 1 fisk af hverjum hlut til sjóðsins, en ef hásetarnir
annaðhvort ekki gætu eða vildu gjöra það, komu form. sjer saman
um að leggja jafnmarga fiska af sínum eigin hlutum eins og hlut-
ir voru margir á skipum þeirra; þetta hafa margir [struck out] form.
gjört á Stokkseyri, en ekki einn einasti hjer á Eyrarbakka
enn þá; en jeg efast ekki um að þeir gjöri það. Á árinu 1897 (: frá
stækkaði sjóðurinn um ca 100 Kr., með öllu tilteknu; tillögum
gjöfum og vöxtum, en nú er ígildag jeg búinn að veita móttöku og
leggja í Sp.sj. talsvert á annað hundr. Kr. og er það auðvita
án þess vextir sjeu meðtaldir, sem jeg gjöri ráð fyrir að verði um
30 Kr., en sem vitanl. verða ekki til fjárdæmis fyr en um nýár.
Það er svo auðsætt að nú er komið talsvert líf í sjóðinn sem
nú er kominn hátt á 9. hundrað krónur. En hvað ~~stór~~
~~hann~~ mundi hann nú vera stór hefði honum verið ávalt
haldið eins vel við síðan 1888, eins og hann byrjaði þá?
Eflaust 9 þús. Kr.! Já, 9–10 þús. Kr. hefðu allir í þessum
þrem veiðist. L. E. og St. lagt aðeins einn fisk af hverjum
hlut og þó fiskurinn hefði ekki verið reiknaður nema 20 aura.
Því þá hefði hann eflaust orðið nokkurra þúsunda króna
aðnjótandi af þeim 20 þús. Kr., sem L. sál. ~~a~~ gaf sjóm.sj. á
Ísl. eptir sinn dag, en ~~sá~~ sj. lá þá í dái, öllum gleymdur
og yfirgefinn. Þá sannaðist málsh. „Sveltur sitj. Kr. en
fljúgandi fær“ því þeir einu sjóðn.sj. sem þá voru starf-
andi eins og þeir áttu að starfa – en þeir voru 4 – fengu
sínar 5 þús. Krónurnar hver að gjöf eða í arf eptir þennan
danska manninn, sem aldrei hafði Ísland sjeð, en hugsaði svo
margt um eymdarkjör og armæðu þeirra ekkna og munaðarlausu
barna, sem misstu maka, feður og bræður sína svo svipleg
í sjóinn og standa eptir einmana yfirgefin með ekkert annað en
sárustu sorg og söknuð, og engan annan veg fram til
að geta dregið sjálf fram lífið, en fara á sveitina. Hart er
það en satt er það engu að síður að við höfum sjeð ungu bónda
vinna fyrir konu og 4–5 börnum og með elju og ástundun, sparsemi
og reglusemi vinna ofan af fyrir sjer og þeim; gjalda til allra
stjetta og geta miðlað öðrum af ~~sínum~~ sínum litla eignum
en við höfum líka sjeð þennan unga mann – og marga
unga menn á sama aldri með þeim ástæðum – ganga
út úr bænum sínum frá konu og börnum sem með hálf
hryggu hafa horft á eptir honum ganga til skipsins, róa
út á sundin og svo ekki sjeð hann aptur, fyr en
hann var borinn á börum nokkrum vikum seinna upp
~~frá~~ frá sjónum dauður og brafúldinn, skaddaður á
höfði, höndum og fótum, en